

Fulltrúar BFSÍ á þing og viðburði

1. Alþjóðleg þing og viðburðir:

- 1.1. Formaður BFSÍ velur fulltrúa á alþjóðleg þing og viðburði fyrir hönd BFSÍ, ef hann fer ekki sjálfur.
 - 1.1.1. Formanni BFSÍ er heimilt að velja atkvæðisbæran fulltrúa utan sambandsins ef þörf krefur.
- 1.2. BFSÍ skal senda að lágmarki 1 fulltrúa á eftirfarandi erlend þing þegar þau eru haldin:
 - 1.2.1. Heimsþing – World Archery (WA)
 - 1.2.2. Evrópuþing – World Archery Europe (WAE)
 - 1.2.3. Norðurlandþing/fundi – World Archery Nordic (WAN)
- 1.3. BFSÍ greiðir kostnað vegna flugs, gistingar og uppihalds fyrir fulltrúa BFSÍ á erlendum þingum og viðburðum.
 - 1.3.1. Þetta á einnig við um Íslenska aðila sem sitja í stjórnnum alþjóðasambanda fyrir BFSÍ.
 - 1.3.2. Ef atkvæðisréttur er framseldur (proxy vote) til annarrar þjóðar greiðir BFSÍ ekki kostnað vegna fulltrúa þess lands sem fer með atkvæði BFSÍ á viðkomandi þingi.

2. Önnur þing og viðburðir:

- 2.1. Formaður BFSÍ velur fulltrúa BFSÍ á öll önnur þing og viðburði, erlend og innlend, ef hann fer ekki sjálfur. T.d. Íþróttarþing ÍSÍ, formannafundi ÍSÍ, upplýsingafundi WA o.s.frv..

(Tilgangur reglunnar er að tryggja að fulltrúar BFSÍ séu til staðar þar sem hagur sambandsins og íþróttarinnar er til umræðu og ákvörðunar, og að þeir fulltrúar þurfi ekki að bera kostnað af því)